

Stjórn Arion banka hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2023

Efni: Ályktun og breytingartillaga vegna aðalfundar 15. mars 2023

Með vísan til boðunar á aðalfund Arion banka hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður eftir því að koma á framfæri eftirfarandi ályktun varðandi dagskrárlið 9 sem og að eftirfarandi breytingartillaga varðandi dagskrárlið 10 verði tekin til meðferðar á aðalfundinum.

Dagskrárliður 9: Tillaga að breytingum á starfsreglum tilnefningarnefndar

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að gerð verði grein fyrir eftirfarandi afstöðu af fundarstjóra og að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

Í fyrirbyggjandi tillögu stjórnar er lagt til að bætt verði við ákvæði um að skipun, hlutverk og umgjörð tilnefningarnefndar í samræmi við 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Gildi-lífeyrissjóður styður vitaskuld að félagið starfi á hverjum tíma í samræmi við lög en telur þrátt fyrir það rétt að koma á framfæri athugasemdum varðandi efni breytinganna.

Að mati Gildis liggja ekki góð rök að baki því, sem kveðið er á um í hinum nýju lögum, að a.m.k þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skuli vera stjórnarmaður og aldrei færri en einn. Að mati Gildis bendir reynslan undanfarin ár meðal skráðra félaga á innlendum markaði raunar til hins gagnstæða, að það sé heppilegra fyrirkomulag að stjórnarmenn eigi almennt ekki sæti í tilnefningarnefndum. Þá kemur það einnig nokkuð spánskt fyrir sjónir, samkvæmt hinum nýju lögum sem verið er að innleiða á þessum fundi, að tilnefningarnefndir banka skuli nú jafnframt að hafa það lögbundna hlutverk að leggja mat á störf framkvæmdastjóra og stefnu fyrirtækisins um ráðningu framkvæmdastjóra og ákveðinna stjórnenda. Að mati Gildis er mun eðlilegra að umrædd verkefni séu á hendi stjórnar, ekki tilnefningarnefndar. Þess ber að geta að ekki er að sjá að ofangreindar breytingar í íslensku löggjöfinni eigi sér endilega stoð í þeim evrópsku reglum sem verið var að innleiða þar sem þessi efnisatriði eiga við um félög með annars konar stjórnskipulag en tíðkast á Íslandi. Gildi telur þessar breytingar ekki til eftirbreytni fyrir önnur skráð félög á markaðinum. Eru þær ef til vill þess eðlis að framangreind lagaákvæði þarfnist í raun endurskoðunar. Gildi-lífeyrissjóður samþykkir fyrirbyggjandi tillögu en með framangreindum athugasemdum.

Dagskrárliður 10: Tillaga að breytingum á starfskjarastefnu bankans

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á gr. V. Kaupaukakerfi í starfskjarastefnu bankans (undirstrikuðum texta bætt við):

[...] Greiðsla kaupauka má vera í formi reiðufjár, hlutabréfa, hlutabréfatengdra gerninga eða blöndu af framangreindu. Nemi kaupauki starfsmanns meira en 10% af árslaunum viðkomandi án kaupauka skal minnst helmingur kaupaukans vera í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra

gerninga, eftir því sem við á, sbr. 57. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Greiðsla kaupauka í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra gerninga kann að vera háð skilyrði um frestun greiðslu í samræmi við ákvæði 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 57. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Enn fremur gilda ákvæði um endurheimt og ógildingu um greiðslu kaupauka í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra gerninga. Ef kaupauki er greiddur í formi hlutabréfatengdra réttinda skulu hluthafar upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. [...]

Greinargerð breytingartillögu:

Gerð er sú tillaga af hálfu bankans að bætt er við heimild til að greiða kaupauka í formi hlutabréfatengdra gerninga. Eru kaupréttir sérstaklega nefndir í því samhengi sem hlutabréfatengd réttindi. Er í þessu samhengi vísað til nýlegra breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki. Ekki er með öllu ljóst af mati sjóðsins hvort með tilvísun til hlutabréfatengdra réttinda í löggjöf sé endilega átt við vogaðar afurðir, s.s. kauprétti, en gert er ráð fyrir að staðfest hafi verið að slíkt sé heimilt. Þá er gert ráð fyrir því að það sé mat stjórnar bankans að hyggilegt sé að bjóða upp á slíkar vogaðar afurðir þar sem þær eru sérstaklega nefndar í rökstuðningi tillögunnar.

Á þessum forsendum er lagt til af hálfu Gildis að ef kaupauki verði greiddur í formi hlutabréfatengdra réttinda skulu hluthafar upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. Heppilegast væri raunar að þessir skilmálar kæmu fram í starfskjarastefnu sjálfri en gert er ráð fyrir að þeir liggi ekki fyrir á þessu stigi. Mikilvægt er að mati sjóðsins að hluthafar hafi viðeigandi upplýsingar um skilmála og verðlagningu réttinda til þess að geta myndað sér skoðun á framkvæmd starfskjarastefnu bankans.

Væntingar eru um það af hálfu sjóðsins að ef til úthlutunar kaupréttka kæmi þá væru skilmálar þeirra með þeim hætti að hagsmunir hluthafa og starfsmanna fari sem best saman. Þannig mætti til dæmis líta til þess að kaupréttir verði til a.m.k. 3 ára við útgáfu, að nýtingarverð þeirra fari hækkandi yfir tíma, með hliðsjón af eðlilegri ávöxtunarkröfu að mati stjórnar, og að gert verði ráð fyrir því að rétthafar haldi eftir hlutabréfum í félaginu a.m.k. upp að ákveðnu marki eftir að til nýtingar réttinda kemur.

Kaupréttir og verðlagning þeirra byggja á matskenndum forsendum og yrði væntanlega um að ræða viðskipti milli starfsmanna bankans og bankans sjálfs með fjármálaafurð sem ekki eru almenn viðskipti með. Þarf af þessum sökum sérstaklega að gæta að verðlagningu ef af yrði og þá jafnframt eðlilegt að hluthafar séu upplýstir um forsendur hennar. Hér er þá átt við að ekki sé eingöngu vísað til tiltekinnar aðferðar við verðlagningu (s.s. Black-Scholes) heldur hvaða nánari forsendur, s.s. um vexti og flökt, voru notaðar við beitingu aðferðarinnar og hvaða niðurstöður þær gáfu miðað við hvern útgefinn kauprétt.

Tillagan er til þess fallin að auka gagnsæi við framkvæmd starfskjarastefnu bankans og sett fram með það að markmiði.

Virðingarfyllt,
Gildi-lífeyrissjóður